

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Lækjarbotnablaikja Lækjarbotnum, Hellu



Dags eftirlits	29.5.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Lækjarbotnablaikja	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Lækjarbotnum	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	121154-5529	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Guðlaugur H. Kristmundsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram. Ekkert nýtt frávik kom fram í eftirlitinu en ein ábending var gerð.

Bent er á að þar sem starfsleyfi Lækjarbotnablaikju rennur út í janúar 2025, verður að sækja um nýtt starfsleyfi á næstu dögum ef fyrirhugað er að halda rekstrinum áfram.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði í 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í fiskeldi Lækjarbotnablaikju í Rangárbíngi ytra (Landsveit).

Lækjarbotnablaikja er með starfsleyfi sem gefið var út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands þann 15. janúar 2014 og gildir til 15. janúar 2025. Leyfið tekur til landeldis á fiski og seiðaeldi. Seiðin eru aðkeypt og einungis alin bleikja í stöðinni. Stöðin er í landi í Lækjarbotna í Landsveit. Frárennsli stöðvarinnar fer í Botnalæk, sem rennur í Bakkalæk sem sameinast öðrum lækjum en endar sem vatnshlotið Bjallalækur nr. 103-751-R sem rennur í Ytri-Rangá (nr.103-876-R).

Enginn olíugeymir er í eldisstöðinni og allt vatn sjálfrennandi.

Reksturinn er í samræmi við Aðalskipulag Rangárbíngs ytra 2016-2028.

Guðlaugur H. Kristmundsson var fulltrúi rekstraraðila og Gottskálf Friðgeirsson eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Dagskrá:

- Skoðunarferð
- Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins
- Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar – sjá starfsleyfi frá 15. janúar 2014
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2024
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

### 1. Skoðun

Ekið var að fiskeldisstöðinni og aðstaðan skoðuð. Ekki voru gerðar athugasemdir við stöðina og útrás frárennslis í Botnalæk var í lagi.

### 2. Farið yfir stöðuna

Reksturinn hefur gengið vel. Framleidd voru um 12 tonn af fiski á síðasta ári. Afföll á árinu voru hverfandi (ca. 30 kg). Fóðurnotkun var um 12 tonn og fóðurstuðull því 1.

Vatnsnotkun er um 20 l/s og frárennsli fer óhreinsað í Botnalæk. Miðað við þessar tölur er útreiknuð losun næringarefna; 8.1 kg af fosfór á framleitt tonn af fiski og 43,5 kg af köfnunarefni á framleitt tonn af fiski.

Mæling á næringarefnum í frárennsli stöðvarinnar fóru fram 2019 og var niðurstaðan sú að mengunarálagið væri óverulegt.

Skráningar eru gerðar á þar til gerð eyðublöð sem notuð eru af rekstraraðila.

Virkon er notað til sóttgreinsunar á tómunum kerjum á milli kynslóða ca. 6 matskeiðar á ári.

Úrgangur er flokkaður og farið með hann á gámasstöðinni á Strönd.

Skoðaðar voru áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaráhappa. Rekstraraðili hefur sent uppfærðar áætlanirnar til Umhverfisstofnunar.

Ekki er krafa um skil á Grænu bókhaldi né Útstreymisbókhaldi í stöð með framleiðslu undir 20 tonnum.

Bent er á að þar sem starfsleyfi Lækjarbotnablaikju rennur út í janúar 2025, verður sækja um nýtt starfsleyfi á næstu dögum sé fyrirhugað að halda rekstrinum áfram.

### 3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Umhverfisstofnun mun nota niðurstöður áhættumatsins sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar ársins 2025.

### 4. Kynningar Umhverfisstofnunar

- kynning á áhættuflokkun á sjálfdauðum fiski (MAST),
- kynning á breytingum á gjaldskrá Umhverfisstofnunar,
- kynning nýjum kröfum vegna vöktunar á vatnshloti sem rekstraraðili losar frárennsli í.

#### 5. Önnur mál.

Engar breytingar eru fyrirhugaðar í stöðinni.

Engin mengunaróhöpp hafa orðið né önnur áföll og engar kvartanir borist vegna stöðvarinnar.

#### ÁBENDINGAR

Bent er á að þar sem starfsleyfi Lækjarbotnablaðs rennur út í janúar 2025, verður að sækja um nýtt starfsleyfi á næstu dögum ef fyrirhugað er að halda rekstrinum áfram.

**1 Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2 Ábending:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.07.2024



Gottskálk Friðgeirsson